

SAMNINGUR MILLI
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
OG LÝÐVELDISINS KÓREU
TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN OG KOMA Í VEG FYRIR
UNDANSKOT FRÁ SKATTLAGNINGU Á TEKJUR OG EIGNIR

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn lýðveldisins Kóreu,

sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir,

HAFNA ORÐIÐ ÁSÁTTAR um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum samningsríkjunum.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum og eignum sem eru lagðir á vegna samningsríkis, sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna þess, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru á lagðir.

2. Til skatta af tekjum og eignum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur, á heildareignir eða á hluta tekna eða eigna, þ.m.t. skattar af hagnaði af sölu lausafjár eða fasteigna, skattar af heildarfjárhæð launa sem greidd eru af fyrirtækjum, svo og skattar af verðmætisaukningu.

3. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru einkum þessir:

a) á Íslandi:

- i) tekjuskattar ríkissjóðs;
- ii) eignarskattar ríkissjóðs; og
- iii) útsvar,

(hér á eftir nefnt „íslenskur skattur“);

b) í Kóreu:

- i) tekjuskattur;
- ii) tekjuskattur á fyrirtæki;
- iii) sérstakur skattur á byggðapróun í dreifbýli; og
- iv) íbúaskattur,

(hér á eftir nefnt „kóreskur skattur“).

4. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu tilkynna hvort öðru um allar verulegar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum ríkjanna.

3. gr.

Almennar skilgreiningar.

1. Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, nema annað leiði af samhenginu:

- a) „Ísland“ merkir Lýðveldið Ísland og, þegar það er notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði Lýðveldisins Íslands, þar með talið landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum, og náttúruauðlindir þeirra;
- b) „Kórea“ merkir Lýðveldið Kóreu og, þegar það er notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði Lýðveldisins Kóreu, þar með talið landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelgi Lýðveldisins Kóreu þar sem Lýðveldið Kórea getur farið með fullveldisréttindi eða lögsögu að því er varðar hafið, hafsbotninn, botnlög hans og náttúruauðlindir þeirra;
- c) „samningsríki“ og „hitt samningsríkið“ merkja Ísland eða Kóreu eftir því sem samhengið gefur til kynna;
- d) „skattur“ merkir íslenskan eða kóreskan skatt, eftir því sem samhengið gefur til kynna;
- e) „aðili“ merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila;
- f) „félag“ merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;
- g) „fyrirtæki í samningsríki“ og „fyrirtæki í hinu samningsríkinu“ merkja fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í samningsríki, og fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, eftir því sem við á;
- h) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki í samningsríki, nema skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu samningsríkinu;
- i) „ríkisborgari“ merkir:
 - i) hvern þann mann sem á ríkisfang í samningsríki;
 - ii) sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi lögum samningsríkis;
- j) „bært stjórnvald“ merkir:
 - i) á Íslandi: fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;
 - ii) í Kóreu: fjármálaráðherra eða fulltrúa hans.

2. Við framkvæmd samningsríkis á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi ríkis að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking, sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess ríkis, skal

ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess ríkis.

4. gr.

Heimilisfastur aðili.

1. Í þessum samningi merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í samningsríki“ sérhver þann aðila sem samkvæmt lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, aðseturs aðalskrifstofu eða stjórnar eða af öðrum svipuðum ástæðum, og felur einnig í sér það ríki og sjálfstjórnarhéruð eða sveitarstjórnir þess. Hugtakið felur þó ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn í því ríki eða af eignum sem eru í því ríki.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum samkvæmt 1. mgr. skal ákvarða stöðu hans með eftirfarandi hætti:

- a) maður telst einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili; eigi maður fast heimili í báðum ríkjunum telst hann einungis heimilisfastur í því ríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);
- b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á fast heimili í hvorugu ríkinu, telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;
- c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;
- d) ef maður á ríkisfang í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili annar en maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum samkvæmt 1. mgr. telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur. Leiki vafi á því skulu bær stjórnvöld samningsríkjanna leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

5. gr.

Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:
- a) aðseturs framkvæmdastjórnar;
 - b) útibús;
 - c) skrifstofu;
 - d) verksmiðju;
 - e) verkstæðis; og
 - f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.
3. Byggingarsvæði eða byggingar- eða uppsetningarframkvæmd telst því aðeins föst atvinnustöð að það sé til staðar eða hún standi yfir lengur en tólf mánuði.
4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:
- a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins;
 - b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til geymslu, sýningar eða afhendingar;
 - c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
 - d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
 - e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;
 - f) fastrar starfsstöðvar sem nýtt er eingöngu til að reka hvers konar starfsemi sem samsett er úr þáttum sem falla undir a- til e-liði, enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu starfsstöð vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.
5. Ef aðili, sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. mgr., hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í samningsríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið og beitir þessari heimild að jafnaði, telst fyrirtæki þetta, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., hafa fasta atvinnustöð í því ríki að því er varðar hvers konar starfsemi sem aðilinn hefur með höndum fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. mgr. og sem myndi ekki, þótt innt væri af hendi frá fastri starfsstöð, gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar.
6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í samningsríki eingöngu vegna þess að það hefur með höndum starfsemi í því ríki fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra.

7. Þótt félag, sem er heimilisfast í samningsríki, stjórnir eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu samningsríkinu eða hefur með höndum starfsemi í hinu ríkinu (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt) leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði eða skógarnytjum) sem staðsett er í hinu samningsríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „fasteign“ skal hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum og öðrum náttúruauðlindum. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. mgr. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnýtt er til að veita sjálfstæða persónulega þjónustu.

7. gr.

Hagnaður af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíka starfsemi með höndum má skattleggja hagnað þess í síðarnefnda ríkinu en þó einungis að því marki sem rekja má hagnaðinn til nefndrar fastrar atvinnustöðvar.

2. Þegar fyrirtæki í samningsríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar skal hvort samningsríki um sig, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr., telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að komið hefði í hennar hlut ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar

aðstæður og kæmi að öllu leyti sjálfstætt fram í skiptum við það fyrirtæki sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem stofnað er til af hálfu föstu atvinnustöðvarinnar, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og almenna stjórnun, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í samningsríki að ákvarða hagnað sem talinn er fastri atvinnustöð á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins milli hinna ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. mgr. útiloka það samningsríki frá því að ákvarða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú sem notuð er við skiptinguna skal samt sem áður vera þannig að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða undanfarandi málsgreina skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema rík og fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaður felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum þessa samnings, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool“), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.

Tengd fyrirtæki.

1. Þegar

- a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlýðum fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess, eða
- b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirlýðum fyrirtækis í samningsríki, svo og fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða eiga, beint eða óbeint, hluta af eigin fé þeirra, og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða setja í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar samningsríki telur til hagnaðar fyrirtækis í því ríki, og skattleggur samkvæmt því, hagnað fyrirtækis í hinu samningsríkinu sem hefur verið skattlagður í því ríki, og hagnaðurinn, sem þannig er innifalinn, er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir, sem samið var um milli fyrirtækjanna tveggja, hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, skal síðarnefnda ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er þar á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða þessa samnings og skulu bær stjórnvöld samningsríkjanna hafa samráð ef nauðsyn krefur.

10. gr.

Arður.

1. Arð, sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíkan arð má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem félagið, sem greiðir arðinn, er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi arðsins heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en:

- a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð arðsins ef raunverulegi eigandinn er félag (annað en sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem greiðir arðinn,
- b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð arðsins í öllum öðrum tilvikum.

Þessi málsgrein skal engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem arður er greiddur af.

3. Hugtakið „arður“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum sem ekki eru skuldakröfur er veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum sem farið er með við skattlagningu á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem fer með úthlutunina er heimilisfast.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi arðsins er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem félagið, sem greiðir arðinn, er heimilisfast eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og hlutareignin sem arðurinn er greiddur af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

5. Ef félag, sem er heimilisfast í samningsríki, fær hagnað eða tekjur frá hinu samningsríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt arðinn, sem félagið greiðir, nema að því leyti sem arður er greiddur aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin, sem arðurinn er greiddur af, er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stöð í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt arðurinn sem greiddur er eða óúthlutaði hagnaðurinn sé að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. gr.

Vextir.

1. Vexti, sem myndast í samningsríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíka vexti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem vextirnir myndast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi vaxtanna hins vegar heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð vaxtanna.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu vextir, sem myndast í samningsríki og greiddir eru ríkisstjórn hins samningsríkisins, þar með talið sjálfstjórnarhéruðum og sveitarstjórnnum þess, Seðlabanka síðarnefnda ríkisins eða hverri þeirri fjármálastofnun sem hefur með höndum umsýslu fyrir hið opinbera, undanþegnir skatti í fyrnefnda samningsríkinu.

4. Að því er 3. mgr. varðar hefur setningin „Seðlabanka síðarnefnda ríkisins eða hverri þeirri fjármálastofnun sem hefur með höndum umsýslu fyrir hið opinbera“ eftirfarandi merkingu:

- a) á Íslandi:
 - i) Seðlabanki Íslands;
 - ii) hver sú fjármálastofnun önnur sem hefur með höndum umsýslu fyrir hið opinbera og bær stjórnvöld samningsríkjanna kunna að hafa gert með sér samkomulag um í bréfaskiptum sín í milli;

- b) í Kóreu:
 - i) Kóreubanki;
 - ii) Útflutnings- og innflutningsbanki Kóreu;
 - iii) Þróunarbanki Kóreu;
 - iv) hver sú fjármálastofnun önnur sem hefur með höndum umsýslu fyrir hið opinbera og bær stjórnvöld samningsríkjanna kunna að hafa gert með sér samkomulag um í bréfaskiptum sín í milli.

5. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum, hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki og hvort sem þeim fylgir réttur til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisverðbréfum og tekna af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og vinningar tengdir slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir og kostnaður vegna greiðsludráttar teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

6. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi vaxtanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem vextirnir myndast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu og skuldakrafan, sem vextirnir eru greiddir af, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

7. Vextir skulu taldir myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki. Þegar sá aðili, sem greiðir vextina, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er tengd hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, og vextirnir eru gjaldfærðir hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu þeir þó taldir myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er staðsett.

8. Þegar vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin, sem umfram er, skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

12. gr.

Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í samningsríki og eru raunverulega í eigu aðila sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíkar þóknanir má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé raunverulegur eigandi þóknanna heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð þóknanna.
3. Hugtakið „þóknanir“ merkir í þessari grein hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti á verkum á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með töldum kvikmyndum, hvers konar einkaleyfum, vörumerkjum, mynstri eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluáðferð, fyrir afnot eða rétt til afnota af búnaði til iðnaðar, viðskipta eða vísinda, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi þóknanna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknanirnar myndast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og rétturinn eða eignin sem gefa af sér þóknanirnar er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.
5. Þóknanir skulu taldar myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki. Ef sá aðili, sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki og skyldan til að greiða þóknanirnar er tengd hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, og þóknanirnar eru gjaldfærðar hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu þær þó taldar myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er staðsett.
6. Ef fjárhæð þóknanna er, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þær eru greiðsla fyrir vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, hærri en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin, sem umfram er, skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er í 6. gr. og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda samningsríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stöð.
3. Hagnaður, sem hlýst af sölu skipa eða loftfara sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem fyrirtækið er heimilisfast.
4. Hagnaður, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í 1., 2. og 3. mgr., skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.
5. Ákvæði 4. mgr. skulu ekki hafa áhrif á rétt hvors samningsríkis um sig til að skattleggja, samkvæmt landslögum, hagnað sem einstaklingur hlýtur af sölu hlutabréfa eða réttinda í félagi, þar sem eignum er skipt að öllu leyti eða að hluta til í hluti, er telst vera heimilisfastur í því ríki samkvæmt lögum þess ríkis, enda sé einstaklingurinn heimilisfastur í hinu samningsríkinu og hefur verið heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu á næstliðnum fimm árum fyrir sölu hlutabréfanna eða réttindanna.

14. gr.

Sjálfstæð persónuleg þjónusta.

1. Tekjur, sem einstaklingur heimilisfastur í samningsríki hefur af sérfræðiþjónustu eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis skattlagðar í því ríki, nema hann hafi að jafnaði fasta stöð í hinu samningsríkinu til þess að leysa af hendi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stöð má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis á þann hluta þeirra sem rekja má til þeirrar föstu stöðvar.

2. Hugtakið „sérfræðipjónusta“ merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

Launað starf.

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr., skulu laun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst þar af hendi má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

- a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi skattári, og
- b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur í hinu ríkinu, og
- c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar skal einungis skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari, sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum af hálfu fyrirtækis í samningsríki, í því ríki.

16. gr.

Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn félags sem heimilisfastur er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki, sem hann aflar í hinu samningsríkinu með störfum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi, eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Ef tekjur af starfi, sem skemmtikraftur eða íþróttamaður leysir af hendi sem slíkur, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starf skemmtikraftsins eða íþróttamannsins er leyst af hendi.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu tekjur, sem skemmtikraftar eða íþróttamenn heimilisfastir í samningsríki afla með störfum sem leyst eru af hendi í hinu samningsríkinu samkvæmt samkomulagi milli ríkisstjórna beggja samningsríkjanna um sérstaka menningarskiptaáætlun, undanþegnar skatti í síðarnefnda samningsríkinu.

18. gr.

Eftirlaun.

Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 19. gr. skulu eftirlaun og annað svipað endurgjald, sem greitt er aðila heimilisföstum í samningsríki vegna fyrri starfa hans, einungis skattlögð í því ríki.

19. gr.

Opinbert starf.

1. a) Laun og annað svipað endurgjald, að undanskildum eftirlaunum, sem greidd eru af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð í því ríki.
- b) Slík laun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst þar af hendi og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:
 - i) er ríkisborgari þess ríkis; eða

- ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.
- 2.
- a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess, skulu einungis skattlögð í því ríki.
 - b) Slík eftirlaun skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef maðurinn er heimilisfastur þar og er jafnframt ríkisborgari þess ríkis.
3. Ákvæði 15., 16., 17. og 18. gr. skulu gilda um laun og annað svipað endurgjald og um eftirlaun sem greidd eru fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.
4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu á sama hátt gilda um endurgjald eða lífeyri frá stofnunum sem hafa með höndum umsýslu fyrir hið opinbera sem samkomulag kann að vera gert um í bréfaskiptum milli bærra stjórnvalda í samningsríkjunum.

20. gr.

Námsmenn.

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til samningsríkis heimilisfastur í hinu samningsríkinu og dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu í því ríki á greiðslur sem hann fær til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun, enda komi slíkar greiðslur frá aðilum utan þess ríkis.

21. gr.

Prófessorar og kennarar.

1. Einstaklingur, sem dvelur í samningsríki í þeim tilgangi að kenna eða stunda rannsóknir við háskóla, skóla á háskólastigi eða aðra sambærilega menntastofnun sem er viðurkennd sem stofnun, sem er ekki rekin í hagnaðarskyni, af hálfu ríkisstjórnar í því samningsríki, og sem er strax fyrir dvöl sína heimilisfastur í hinu samningsríkinu, skal undanþeginn skattlagningu í fyrrnefnda samningsríkinu á hvers konar endurgjald fyrir kennslu eða rannsóknir í allt að tvö ár frá þeim degi sem hann kom fyrst til dvalar í þeim tilgangi.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um tekjur af rannsóknum ef þær fara ekki fram í þágu almannahagsmuna heldur fyrst og fremst með það að markmiði að tiltekinn einstaklingur eða tilteknir einstaklingar hafi af þeim ávinning.

22. gr.

Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum þessa samnings, skulu einungis skattlagðar í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um tekjur, að undanskildum tekjum af fasteign eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 6. gr., ef viðtakandi teknanna er heimilisfastur í samningsríki og hefur með höndum starfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð sem þar er staðsett, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu ríkinu frá fastri stöð sem þar er staðsett, og réttindin eða eignin sem gefur af sér tekjurnar er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

23. gr.

Eignir.

1. Eign, sem fólgin er í fasteign, sem getið er í 6. gr., sem er í eigu aðila heimilisfasts í samningsríki og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Eign, sem er fólgin í lausafé sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

3. Eign, sem fólgin er í skipum eða loftförum sem fyrirtæki í samningsríki notar í flutningum á alþjóðaleiðum, svo og lausafé sem tengt er rekstri slíkra skipa og loftfara, má einungis skattleggja í því ríki.

4. Allar aðrar eignir aðila heimilisfasts í samningsríki skulu einungis skattlagðar í því ríki.

24. gr.

Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Í tilviki Íslands skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:
 - a) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi fær tekjur eða á eignir sem heimilt er að skattleggja í Kóreu samkvæmt ákvæðum þessa samnings skal Ísland leyfa:
 - i) að dregin sé frá tekjuskatti þessa heimilisfasta aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í Kóreu;
 - ii) að dregin sé frá eignarskatti þessa heimilisfasta aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í Kóreu.

Slíkur frádráttur skal þó í hvorugu tilvikinu vera hærri en sá hluti tekjuskattsins eða eignarskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur eða þær eignir, eftir því sem við á, sem skattleggja má í Kóreu.

- b) Ef aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur eða á eignir, sem eru undanþegnar skattlagningu á Íslandi samkvæmt ákvæðum samningsins, er Íslandi þó heimilt við ákvörðun skatta á aðrar tekjur eða eignir þessa heimilisfasta aðila að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skattlagningu.
2. Í tilviki heimilisfasts aðila í Kóreu skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:

Með fyrirvara um ákvæði kóreskra skattalaga varðandi heimild til að nota skatt sem ber að greiða utan Kóreu (sem hefur ekki áhrif á meginreglu laganna til að lækka kóreskan skatt):

- a) hafi aðili heimilisfastur í Kóreu tekjur á Íslandi, sem má skattleggja beint eða með frádrætti á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum í samræmi við ákvæði þessa samnings, má sú fjárhæð íslensks skatts sem greiða ber koma til lækkunar kóreskum skatti sem hinum heimilisfasta aðila ber að greiða. Slík lækkun skal þó aldrei nema hærri upphæð en þeim hluta kóreska skattsins, eins og hann er reiknaður fyrir lækkunina, sem lagður er á þær tekjur;
 - b) ef tekjur frá Íslandi eru í formi arðs sem fyrirtæki, heimilisfast á Íslandi, greiðir fyrirtæki sem er heimilisfast í Kóreu og á a.m.k. 20 hundraðshluta af öllum hlutabréfum sem það hefur gefið út skal við lækkun taka tillit til íslensks skatts sem fyrirtækinu ber að greiða af þeim hagnaði sem arðurinn er greiddur af.

25. gr.

Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem eru hvorki heimilisfastir í öðru né báðum samningsríkjunum.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar eða fastrar stöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal ekki skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og skattalækkunar vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

3. Vextir, þóknar og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu, skulu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og hefðu þær verið greiddar aðila sem er heimilisfastur í fyrirnefnda ríkinu nema ákvæði 1. mgr. 9. gr., 8. mgr. 11. gr. eða 6. mgr. 12. gr. eigi við. Á sama hátt skulu hvers konar skuldir fyrirtækis í samningsríki við aðila heimilisfastan í hinu samningsríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef til þeirra hefði verið stofnað við aðila heimilisfastan í fyrirnefnda ríkinu.

4. Þótt fjármagn fyrirtækja í samningsríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrirnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar sem heimilisföst eru í fyrirnefnda ríkinu sæta eða unnt er að láta þau sæta.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði þessarar greinar gilda um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

26. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Ef aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum leiði eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir 1. mgr. 25. gr., í því samningsríki þar sem hann á ríkisfang. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komast hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakörkunum sem í gildi eru samkvæmt lögum samningsríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu, með gagnkvæmu samkomulagi, leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins. Þau geta einnig haft samráð í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli, þar á meðal í sameiginlegri nefnd sem skipuð er þeim eða fulltrúum þeirra, til þess að komast að samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.

27. gr.

Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða laga samningsríkjanna varðandi skatta, sem þessi samningur tekur til, að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki við ákvæði 1. gr. Með allar upplýsingar sem móttæknar eru af samningsríki skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsýsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem samningurinn tekur til eða fullnustu- eða ákærvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi þá skyldu á samningsríki að:

- a) framkvæma stjórnarsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnarsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
- b) veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnarsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
- c) veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðipækkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu (ordre public) ef þær væru gerðar opinberar.

28. gr.

Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisskrifstofa.

Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á skattaúvilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisskrifstofa njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

29. gr.

Gildistaka.

1. Ríkisstjórnir samningsríkjanna skulu tilkynna hvor annarri um það þegar stjórnskipulegum skilyrðum fyrir gildistöku þessa samnings hefur verið fullnægt.

2. Samningurinn skal öðlast gildi á fimmtánda degi eftir að síðari tilkynningin, sem um getur í 1. mgr., er látin í té og skulu ákvæði hans koma til framkvæmda:

a) Á Íslandi:

- i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem er aflað 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar síðari tilkynningin er afhent; og
- ii) að því er varðar aðra skatta á tekjur og eignarskatta, vegna skatta sem leggja má á vegna skattárs sem byrjar 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar síðari tilkynningin er afhent.

- b) Í Kóreu:
- i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna fjárhæða sem ber að greiða 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi; og
 - ii) að því er varðar aðra skatta, á skattári sem hefst 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi.

30. gr.

Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af samningsríki. Hvort samningsríkjanna um sig getur sagt upp samningnum eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku samningsins. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt:

- a) Á Íslandi:
- i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem aflað er 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent; og
 - ii) að því er varðar aðra skatta á tekjur og eignarskatta, vegna skatta sem leggja má á vegna skattárs sem byrjar 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent.
- b) Í Kóreu:
- i) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna fjárhæða sem ber að greiða 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent; og
 - ii) að því er varðar aðra skatta, á skattári sem hefst 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynningin er afhent.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Seoul hinn 15. maí 2008 á íslensku, kóresku og ensku og eru allir textarnir jafngildir. Ef vafi leikur á túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd Lýðveldisins
Kóreu

BÓKUN

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Lýðveldisins Kóreu hafa, við undirritun samnings milli ríkjanna tveggja um að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, orðið ásáttar um eftirfarandi ákvæði sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins:

Við 2. gr.

„Skattar af heildarfjárhæð launa sem greidd eru af fyrirtækjum“ taka ekki til iðgjalda almannatrygginga.

Við 5. mgr. 13. gr.

Kórea áskilur sér, að því er 5. mgr. 13. gr. varðar, rétt til að skattleggja hagnað af sölu hlutabréfa eða réttinda í fyrirtæki samkvæmt eigin lögum, að því tilskildu að skilyrðum, sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 13. gr., sé fullnægt.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í Seoul hinn 15. maí 2008 á íslensku, kóresku og ensku og eru allir þrír textarnir jafngildir. Ef vafi leikur á túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands
Gunnar Snorri Gunnarsson

Fyrir hönd Lýðveldisins Kóreu
Kim Sung-Hwan